

# Styrkumsókn til Hverfisráðs Vesturbæjar

## Vesturbær - Hreyfibær

Þarfagreining á aðstöðu til hreyfingar og útivistar í Vesturbæ Reykjavíkur

**Umsókn íbúasamtaka Vesturbæjar um styrk til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar innan Vesturbæjar.**

**Leiðarstef: Lýðheilsa - Græn svæði - Hreyfing og útivist**

**Íbúasamtök Vesturbæjar sækja um styrk til Hverfisráðs Vesturbæjar, til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar innan hverfisins.** Sótt er um styrk að upphæð 1.200.000.- til að meta þarfir hinna ýmsu félaga og hópa fyrir aðstöðu sem nýtist íþróttaiðkun og hreyfingu. Hvernig nýta megi þau grænu svæði sem enn eru til staðar innan hverfisins og hvernig best megi koma til móts við breiðan hóp iðkenda hverskyns íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar í Vesturbænum.

Mikil breyting hefur orðið á útivistar- og íþróttaaðstöðu í Vesturbænum. Þar voru áður bæði ÍR og KR staðsett innan Hringbrautar en nú er sú aðstaða löngu farin annað. Fyrir stuttu voru Hjólabrettafélag Reykjavíkur, Loftkastalinn og Mjólnir þar einnig en eru nú horfin á braut úr hverfinu. Í þessu samhengi er mikilvægt að skilja hvaða áhrif þétting byggðar hefur haft á hverfið og lýðheilsu innan þess, hvaða nýja aðstaða til heilsueflandi hreyfingar hefur verið byggð upp og hvernig sú uppbygging aðstöðu hefur mætt aukinni þörf vegna þéttingar byggðar í ofanálág við þá þörf sem var fyrir hendi áður en þétting byggðar hófst.

Innan Reykjavíkur hefur sú þróun átt sér stað að svæði sem áður höfðu verið ætluð til útivistar og íþróttaiðkunar utanhúss hafa verið tekin undir íbúabyggð og verslun. Má þar nefna Valssvæðið, Knattspyrnuvöll Fram í Safamýri og áætlanir af sama meði á íþróttasvæði Víkings í Fossvogi. Nú standa fyrir áætlanir af sama toga á íþróttasvæði KR í Frostaskjólí, þar sem stendur til að byggja um yfir hundrað íbúðir og við þær framkvæmdir minnkar verulega það svæði sem ella hefði mátt nýta til íþróttaiðkunar utanhúss. Það er áhyggjuefni að á sama tíma og rannsóknir benda til að hreyfing barna, unglunga og fullorðinna sé af skornum skammti, sé landsvæði sem ætlað er til heilsueflingar minnkað í nafni þéttingar byggðar. Þetta hefur verið þróun innan Reykjavíkur, á sama tíma og stórborgir um allan heim keppast við að endurvinnna græn svæði og standa vörð um þau sem fyrir eru.

Íbúsamtök Vesturbæjar vilja hag íbúa hverfisins sem bestan og sjálfbærni sem mesta. Hluti af þeirri sýn er að íbúar geti stundað fjölbreytta hreyfingu innan hverfisins og að sem fæstir þurfi að ferðast yfir langan veg með tilheyrandi mengun og fyrirhöfn til að sækja þær heilsueflandi frístundir. Til að gera sér grein fyrir raunverulegri aðstöðupörf þarf að fara fram greining á henni. **Greina þarf vilja og áhuga íbúa á tegund hreyfingar sem þeir kjósa að stunda og þá hvort sú aðstaða sem fyrir hendi er, uppfylli þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar innan hverfisins til að koma til móts þær óskir.**

Inn í þessa mynd koma líka þarfir skóla til útisvæða en vegna skorts á húsnæði hefur verið gengið á skólalóðir. Slíkt skerðir leiksvæði nemenda sem kann að hafa neikvæð áhrif á möguleika til leiks og hreyfingar og er það áhyggjuefni margra foreldra. Þarfragreining sú sem Íbúsamtök Vesturbæjar sækja hér um styrk til að framkvæma mun því gagnast íþróttafélögum, áhugafólki hvers konar og skólum innan hverfisins.

Verkefninu er skipt upp í eftirfarandi verkþætti (VP):

- VP1: Kortlagning á félögum og hópum sem stunda íþróttir og útivist (opinberum og óopinberum).
- VP 2: Kortlagning á svæðum þar sem hægt er að stunda hreyfingu og útivist í hverfinu. Viðtöl við hagsmunaaðila (skipulagsyfirvöld, félagasamtök, stofnanir, íbúa)
- VP 3: Greining og úrvinnsla á gögnum
- VP 4: Kynningar á niðurstöðum og tillögur að næstu skrefum

Verkefnið fellur að Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010 til 2030 þar sem fjallað er um Grænu borgina. Aðstandendur verkefnisins munu taka mið af þeirri stefnu og niðurstöðurnar geta þar að auki nýst til hverfissskipulagsvinnu sem á að fara af stað 2021 fyrir Vesturbæinn.

Stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar mun standa að verkefninu. Leitað verður til ráðgjafa í skipulagi, lýðheilsu, sálfræði og fleiri faggreinum sem geta lagt þekkingu til verkefnisins og unnið með íbúum hverfisins í gegnum spurningalista til félaga, kannanir á samfélagsmiðlum og íbúafundi.

Aðalfundur Íbúasamtaka Vesturbæjar var haldinn 26. september. Þar var kosið í nýja stjórn og reikningar lagðir fram.

Tíma- og verkáætlun		Upphaf verkefnis: 1.jan 2019			
VP númer	Nafn verkþáttar	Q1	Q2	Q3	Q4
1	Kortlagning á félögum og hópum sem stunda íþróttir og útivist				
2	Kortlagning á svæðum þar sem hægt er að stunda hreyfingu og útivist í hverfinu.Viðtöl við hagsmunaaðila				
3	Greining og úrvinnsla á gögnum				
4	Kynningar á niðurstöðum og tillögur að næstu skrefum				
Kostnaðaráætlun		Kostnaður (þús kr)			
1	Kortlagning á félögum og hópum sem stunda íþróttir og útivist	300			
2	Kortlagning á svæðum þar sem hægt er að stunda hreyfingu og útivist í hverfinu.Viðtöl við hagsmunaaðila	300			
3	Greining og úrvinnsla á gögnum	300			
4	Kynningar á niðurstöðum og tillögur að næstu skrefum	300			
		<b>Samtals</b>	<b>1200</b>		

Tengiliður:

Þórunn Rake! Gylfadóttir, stjórnarmaður í  
Íbúasamtökum Vesturbæjar

[ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com](mailto:ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com).

Upphæð sem sótt er um: kr. 1.200.000.-